

FJALLSKILASAMÞYKKT

fyrir Norður-Ísafjarðarsýslu.

I. KAFLI

Um stjórn fjallskilamála.

1. gr.

Norður-Ísafjarðarsýsla er eitt fjallskilaumdæmi og skiptist í fjallskiladeildir eftir hreppum.

Ísafjarðarkaupstaður og Bolungarvíkurkaupstaður eru sérstakar fjallskiladeildir í fjallskilaumdæminu.

2. gr.

Sýslunefnd Norður-Ísafjarðarsýslu hefur á hendi yfirstjórn allra fjallskilamála í umdæminu. Sýslunefnd sker úr öllum ágreiningi milli fjallskiladeilda út af fjallskilamálum. Allar kærur og kröfur á hendur sveitarstjórnnum og hreppstjórum varðandi fjallskilamál heyra undir sýslunefnd. Ennfremur geta einstakir aðilar lagt slík mál undir úrskurð sýslunefndar.

3. gr.

Sveitarstjórnir hafa á hendi stjórn og framkvæmdir í fjallskilamálum hver í sínu sveitarfélagi eða í samlögum, ef svo hagar til.

Sveitarstjórnir geta tekið nánari ákvarðanir um fjallskil í einstökum atriðum hver á sínu fjallskilasvæði, enda brjóti ákvarðanir sveitarstjórnar eigi í bága við reglugerð þessa.

4. gr.

Land, sem fjallskilaframkvæmd undir umsjón sveitarstjórnar tekur til, eru beitolönd þau, sem nytjuð eru sem sumarhagar fyrir sauðfé og eyðibýggðir, sem búpeningur getur gengið í.

II. KAFLI

Um afrétti, notkun beitolanda og ágang búpenings.

5. gr.

Sveitarstjórn getur samið við landeigendur um afréttarafnot og með samþykki sýslunefndar ákveðið mörk afrétta, afréttargjöld og hagatoll. Þó getur sá aðili, sem ekki vill una ákvörðun sveitarstjórnar, krafist mats dómkvaddra manna um gjaldhæð. Ákvörðun um hagatoll, hvort heldur er ákveðinn er með samningi eða eftir mati, gildir aldrei fyrir lengri tíma en sex ár í senn.

Enginn má smala afrétti né gera afréttarbúpeningi ónæði nema með leyfi viðkomandi sveitarstjórnar.

6. gr.

Nú verða mikil brögð að ágangi búfjár í heimahaga, og getur þá sá, er fyrir verður, gert sveitarstjórn aðvart. Skal hún þá, ef um verulegan eða óeðlilegan ágang virðist vera að ræða, skipa fyrir um smölun ágangspenings. Búfjáreigendur skulu taka uslafénað í sína vörslu, en að öðrum kosti skal sveitarstjórn gera ráðstafanir um flutning búfjárins í hagagöngu á kostnað eigenda þess.

7. gr.

Gangi búpeningur í engi, tún, garðlönd eða önnur afgirt svæði og valdi tjóni, skal eigandi búfjárins gjalda viðkomandi aðila bætur. Sé um endurtekinn ágang sama búpenings að ræða, getur sá, er fyrir verður, sett hann inn og gert eiganda aðvart, enda hafi hann áður skorað á eiganda að afstýra frekari ágangi. Skal eiganda búfjárins tilkynnt um innsetninguna samdægurs. Vitji eigandi eigi hins innsetta búpenings innan tveggja sólarhringa og greiði uslagjald samkvæmt mati tveggja manna, er hreppstjóri eða bæjarfógeti nefnir til, má hreppstjóri/bæjarfógeti selja féð á opinberu uppboði, eða leiða til slátrunar. Andvirðið að frádregnu uslagjaldi og öðrum kostnaði greiðist til búfjáreiganda. Um ágang búfjár vísast að öðru leiti til IV. kafla laga nr. 6/1986.

8. gr.

Sé búpeningur settur inn, skal þess gætt, að hann sé ekki í svelt. Ef innsettur fénaður ferst eða verður fyrir slysi, greiðir sá, er inn setur, eiganda bætur.

III. KAFLI

Um göngur og réttir.

9. gr.

Fjallskilaskyldur er hver fjáreigandi og leggur til fjallskila á þann hátt, sem sveitarstjórn ákveður. Skyldur er húsbóndi að inna af hendi fjallskil fyrir heimamenn sína og aðra, sem eiga hjá honum fjallskilaskyldan fénað. Ábúendur sauðlausra jarða skulu gera fjallskil eftir ákvörðun sveitarstjórnar. Sama gildir um eigendur eyðijarða.

Sveitarstjórn ákveður fjölda gangamanna og deilir þeim niður á fjallskilaaðila í hlutfalli við tölu vetrafóðraðs fjár samkvæmt forðagæsluskýrslum og jarðeignum.

Niðurfjöfnun fjallskila skal birta hlutaðeigendum minnst með viku fyrirvara. Skal þar taka fram, hvað hver og einn á að leggja til, tilnefndir leitarstjórar og skýrt frá tilhögun leita.

10. gr.

Sveitarstjórn skipar svo marga leitarstjóra, sem henni þykir hæfa og ákveður svæði hvers þeirra. Leitarstjórar ákveða, í umboði sveitarstjórnar, fyrirkomulag og verkstjórn í göngum.

Leitarstjórar sjá til þess, svo sem unnt er, að hver gangnamaður leysi hlutverk sitt vel af hendi. Þeir líta eftir því, að gangnamenn séu fullgildir og vel útbúnir. Skulu gangamenn allir skyldir að hlíta forsögn leitarstjóra.

11. gr.

Tvennar skulu fjallgöngur á hausti. Fyrri leitardagur skal vera mánudagur í tuttugustu og annarri viku sumars, síðari leitardagur tveimur vikum seinna. Þó skal heimilt, ef samkomulag næst á milli sveitarstjórna á nærliggjandi leitarsvæðum, að ákveða aðra leitardaga. Sveitarstjórn er einnig heimilt að skipta fjallskiladeild í fleiri en eitt leitarsvæði, ef þurfa þykir vegna fólksfæðar eða staðhátta.

Sveitarstjórnir geta, ef þurfa þykir, fyrirskipað eftirleitir á afrétti og eyðibýggðir. Um eftirleitir gilda sömu reglur og göngur á hausti, eftir því sem við á.

12. gr.

Hver bóndi er skyldur að hirða óheimt fé, er finnst í heimalöndum, eftir að almennum fjallskilum er lokið, og greiða fyrir því, að það komist til réttra eigenda.

13. gr.

Hver fjallskiladeild ritar gerðabók og færir sérstakt bókhald, og skal fjallskilareikningur endurskoðaður á sama hátt og sveitarsjóðsreikningur.

Fjallskil skulu innt af hendi í vinnu, eftir því sem við verður komið, en ella goldin í peningum eftir mati sveitarstjórnar.

Ef maður vanrækir án lögmætra ástæðna, að inna fjallskil af hendi, skal hann eftir ákvörðun sveitarstjórnar, auk greiðslu fyrir fjallskilin, eins og þau eru metin, gjalda sekt í fjallskilasjóð allt að helmingi af matsverði fjallskilanna. Fjallskilagjöld má taka lögtaki.

14. gr.

Nú er jörð eða jarðarhluti í eyði og land hennar ekki lagt til afreittar með samningi, og er þá eiganda eða umboðsmanni hans skylt að annast um hreinsun heimalands jarðarinnar, sem og önnur fjallskil, eins og byggð væri.

Nú fellur sveitarfélag eða verulegur hluti þess úr byggð, og skal þá viðkomandi sýslunefnd sjá um, að fjallskil séu framkvæmd í eyðilöndum. Kostnaður við þau greiðist þannig, að eigendur bera $\frac{1}{2}$, sveitarfélög þau, er eiga fjárvon í löndum $\frac{1}{4}$ og ríkissjóður $\frac{1}{4}$.

Búnaðarfélag Íslands úrskurðar kostnaðarreikninga.

15. gr.

Ef fjallskilaskyldur aðili hefur engum færum manni á að skipa og getur ekki útvegað hann, skal hann tilkynna það sveitarstjórn eigi síðar en viku fyrir fjallskil, enda greiði hinn fjallskilaskyldi aðili áfallinn kostnað vítalaut.

16. gr.

Réttarstaðir skulu ákveðnir af sýslunefnd að fengnum tillögum sveitarstjórna.

Í hverjum hreppi skal vera minnst ein aðalrétt og aukaréttir eftir þörfum. Aðalréttir í fjallskilaumdæminu skulu vera á þeim stöðum er hér segir:

Í Bolungarvíkurkaupstað:

Á Sandi.

Í Ísafjardarkaupstað:

Kirkjubólurétt í Engidal og Hnífsdalurétt í Hnífsdal. Aukaréttir skulu vera Arnardalsrétt í Arnardal og Ísafjardarrétt á Ísafirði.

Í Súðavíkurhreppi:

Í Eyrardal. Aukaréttir skulu vera í Hattardal og á Eyri í Seyðisfirði.

Í Ögurhreppi:

Á Skarði í Skötufirði.

Í Reykjarfjarðarhreppi:

Í Svansvík og Hörgshlíð.

Í Nauteyrarhreppi:

Á Kirkjubóli og Melgraseyri.

Í Snæfjallahreppi:

Á Tyrðilmýri. Aukaréttir skulu vera að Bæjum og í Unaðsdal.

Sveitarstjórn skipar réttarstjóra. Réttarstjóri stjórnar fjádrætti og leggur áherslu á, að vel gangi og skipulega. Réttarstjóri, í umboði sveitarstjórnar, sér um meðferð óskilafjár, eftir því sem samræmist VIII. kafla laga nr. 6/1986 og reglum sauðfjarveikivarna.

Óskilafé er það fé, sem enginn finnst eigandi að, svo og ómerkingar, sem ær helga sér ekki og mýétið fé.

17. gr.

Meðan varnarhólfum er við haldið, skal réttarstjóri annast eftir föngum, að fé úr öðrum varnarhólfum sé fjarlægð úr réttinni, svo fljótt sem kostur er. Skal ætla sérstakan dilk fyrir slíkt fé. Hafi smitandi sjúkdómur, svo sem garnaveiki eða riða, komið fram innan svæðisins, skal réttarstjóri hafa umsjón með, að fé af þeim bæjum sé dregið hið fyrsta í dalka.

Enginn má hleypa úr dilk fyrr en réttarstjóri leyfir, og fjáreigendur mega ekki fara úr rétt, fyrr en fjáðrætti er lokið.

18. gr.

Fyrir árslok skulu hreppstjórar/bæjarfógetar birta í Lögbirtingablaði tilkynningu um förgun óskilafjár hver í sínum hreppi/kaupstað.

Skal í tilkynningu greint mark og auðkenni hvernar skepnu, eftir því sem kostur er, og skorað á rétta eigendur að gefa sig fram og sanna rétt sinn. Hver sá, er sannar eignarrétt sinn að hinu slátraða fé, skal fá andviðri þess að fráðregnum öllum kostnaði, ef hann gefur sig fram fyrir lok septembermánaðar næst á eftir.

19. gr.

Nú verður vart fjár í ógöngum, og er þeim þá skylt, er sér, að tilkynna það leitarstjóra viðkomandi leitarsvæðis. Skal hann þá leitast við að fá færa menn til að bjarga fénu, ef fært þykir. Sé björgun óframkvæmanleg eða of hættuleg að dómi björgunarmanna eða aðstæður það örðugar, að tvöfalt verð fjáris hrökkvi ekki fyrir björgunarkostnaði, er skylt að skjóta féð, sé það unnt. Takist björgun kinda úr slíkum ógöngum, greiðir eigandi kindar hálfalt andvirði hennar fyrir björgun, en sveitarsjóður, þar sem eigandi er heimilisfastur, hinn hluti kostnaðar. Náist kindur hins vegar ekki lifandi skal sýslusjóður bera kostnað vegna tilraunarinnar.

IV. KAFLI

Um mörk og markaskrá.

20. gr.

Hver búfjáreigandi er skyldur að hafa glögg eynamark á búfé sínu. Sauðfé og annan búpening skal draga eftir mörkum. Mark helgar markeiganda grip nema sannist, að annar eigi. Séu notaðar eyrnaplötur, ber að skrá á þær númerstölu bæjar og hrepps, í samræmi við ákvæði um litamerkingu sauðfjár, sbr. gr. nr. 224 26. apríl 1987.

21. gr.

Sýslunefnd skal láta prenta markaskrá fyrir fjallskilaumdæmið, svo sem lög mæla fyrir, og skal útsendingu hennar lokið fyrir 31. ágúst það ár sem skráin kemur út.

Sveitarstjórnir annast söfnun marka, hver í sínum hreppi, og skal henni lokið fyrir 1. janúar þess árs. Hverjum fjáreiganda er skylt að koma mörkum sínum í markaskrá gegn ákveðnu gjaldi, sem sýslunefnd ákveður.

22. gr.

Sýslunefnd ræður markavörð, er sér um mörk og útgáfu markaskrár í fjallskilaumdæminu. Skal hann gæta þess við upptöku nýrra marka, að ekki sé sammerkt. Hafa skal samráð við aðra markaverði á Vestfjörðum og víðar, eftir því sem þurfa þykir.

23. gr.

Heimilt er að nota eftirtalin eynamörk: Biti, tvíbitað, blaðstýft, fjöður, tvífjaðrað, gagnbitað, gagnfjaðrað, geirstíft, geirsýlt, hamrað, hangfjöður, hálf taf, heilhamrað, heilritað, hvatrifað, hvatt, miðhlutað, miðhlutað í stúf, sneiðrifað, sneitt, stúfrifað, stýft hálf taf, stýft sýlt, tvístýft, bragð, ganghangfjaðrað, gagnhófbitað, gagnstigað, hófbiti, lögg, stig, tvístigað, stúfrifað í hálf taf, tvírifað í sneitt, sneiðhamrað, sneitt í hálf taf.

24. gr.

Nú flytur markeigandi inn í fjallskilaumdæmið, og skal hann þar tilkynna markaverði mark sitt og fá samþykki hans.

Vanræki einhver markeigandi að láta prenta mark sitt í markaskrá, má hann búast við því, að með fé hans verði farið sem óskilafé.

25. gr.

Brennimörk og plötumerki í fjallskilaumdæminu eru þessi: Bolungarvíkurkaupstaður NÍ 1, Ísafjarðarkaupstaður NÍ 2, Súðavíkurhreppur NÍ 3, Ögurhreppur NÍ 4, Reykjarfjarðarhreppur NÍ 5, Nauteyrarhreppur NÍ 6, Snæfjallahreppur NÍ 7.

26. gr.

Enginn má sleppa hrossum eða geldneytum lausum án eyrnamarks, plötumerkis eða frostmerkingar. Skulu hrossaeigendur tilkynna markaverði mörk hrossa sinna til birtingar í markaskrá sýslunnar. Um frostmerkingar stórgripa gilda að öðru leyti ákvæði reglugerðar nr. 224 28. apríl 1987.

V. KAFLI

Önnur atriði.

27. gr.

Um smalanir að vori skulu fjáreigendur vera frjálsir. Sveitarstjórn er þó skylt að samræma vorsmölun, ef meirihluti fjáreigenda á samliggjandi smölunarsvæði óskar eftir því.

28. gr.

Rétt er hverjum sláturleyfishafa að hafa markglöggan mann í sláturrétt, meðan á slátrun stendur. Skal hann gæta þess, að misdráttur eða ruglingur eigi sér ekki stað á sláturfé. Telji hann eignarheimild á fénaði vafasama, skal hann leita nánari upplýsinga þar um.

29. gr.

Að öðru leyti en greint er í reglugerð þessari fer um fjallskilamálefni eftir því sem segir í lögum um afréttamálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986 og í lögum um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra, nú lög nr. 23/1956 og reglugerðum settum samkvæmt þeim lögum.

30. gr.

Brot gegn ákvæðum þessarar reglugerðar varða sektum og renna sektir í fjallskilasjóð viðkomandi fjallskiladeildar. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

31. gr.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Norður-Ísafjarðarsýslu hefur samið, staðfestist hér með samkvæmt 3. gr. laga um afréttamálefni, fjallskil o.fl. nr. 6 21. mars 1986, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi fjallskilareglugerð fyrir Norður-Ísafjarðarsýslu nr. 2 6. janúar 1938 og auglýsing um breytingu á þeirri reglugerð nr. 84 20. maí 1957.

Landbúnaðarráðuneytið, 1. september 1987.

Jón Helgason.

Jón Höskuldsson.